

Sundárið 2017

Sunddeild Keflavíkur og Sunddeild Njarðvíkur eru eins og undanfarin ár í góðu samstarfi undir merkjum Sundráðs ÍRB. Saman eigum við eitt fremsta sundlið landsins og stóran hóp af sundmönnum í landsliðsverkefnum bæði hjá unglingum og fullorðnum. Við höfum átt farsælt ár og höfum haldið áfram uppbyggingu á okkar góða sundhóp. Töluverðar breytingar hafa orðið á elsta hópnum okkar, en nokkrir af elstu sundmönnum okkar hafa farið í vinnu og nám bæði hér heima og erlendis. Þar á meðal eru þau Íris Ósk Hilmarsdóttir og Þröstur Bjarnason sem eru farin á vit ævintýrana í USA. Þar sem þau stunda nám á skólastyrk við McKendree Háskólann í Illinois.

Árið er búið að vera mjög gott fyrir félagið. Margir ungir og efnilegir sundmenn eru að koma inn í elstu hópana okkar og munu eflaust styrkja liðið á komandi árum. Í maí höldum við lokahóf þar sem við komum saman, skemmtum okkur, borðum góðan mat og veitum sundmönnum okkar viðurkenningar fyrir árangur sinn. Æfingardagarnir, sjósundið og fréttabréfið okkar er allt á sínum stað. Samstarf Sunddeildanna tveggja er forsenda fyrir þeim góða árangri sem liðið er að ná. Með þessu samstarfi skapast tækifæri fyrir iðkendur sem annars væru ekki til staðar. Við getum með þessu móti boðið upp á þjálfun eins og hún gerist best hér á landi.

Helgina 20. - 22. janúar lögðum við land undir fót og héldum til Lyngby í Danmörku á Lyngby Open sundmótið. Sundfólkið okkar var að standa sig afar vel og vann hópurninn til átján verðlauna og var Þröstur Bjarnason sprettharðasti sundmaður mótsins. Hann bar sigur úr bítum í útsláttarkeppni í 50m skriðsundi. Þröstur Bjarnason, Björgvin Theódór Hilmarsson, Sylwia Sienkiewicz, Baldvin Sigmarsson og Íris Ósk Hilmarsdóttir komust öll á pall í Lyngby.

Helgina 27. – 29. janúar kepptu sundmenn úr Framtíðarhóp á RIG þar setti Eva Margrét Falsdóttir nýtt meyjamet í 100 metra bringusundi.

Helgina 4. og 5. mars kepptu sundmenn okkar á sundmóti Fjölnis. Þar gerði Már Gunnarsson sér lítið fyrir og setti Íslandsmet í 800m skriðsundi í flokki S12

Helgina 22. - 24. apríl fór fram í Laugardalslaug Íslandsmeistaramót í 50m laug, mótið var mjög sterkt og allir bestu sundmenn landsins voru mættir til leiks. Sundmenn okkar stóðu sig að venju vel og vann ÍRB til 10 Íslandsmeistararitla. En alls unnum við til 32 verðlauna: 10 gull, 12 silfur og 10 brons. Einnig bætti Eva Margrét Falsdóttir eigið meyjamet í 100m bringusundi.

Helgina 6. – 8. maí fór fram okkar árlega Landsbankamót í Vatnaveröld. Um 410 sundmenn úr öðrum félögum komu til keppni. Í heildina með okkar fólki þá voru það því rúmlega 500 sundmenn sem kepptu á mótinu þessa helgi. Alls féllu 24 mótismet á Landsbankamótinu 2017, og þar átti okkar fólk tíu af þessum mótismetum. Á Landsbankamótinu var sett heimsmet fatlaðra. Heimsmetið var sett af Hirti Má Ingvarssyni úr Firði í 1500m skriðsundi en hann keppir í flokki S6. Fyrsta heimsmetið sem slegið er í Vatnaveröldinni er því orðið staðreynd.

Að loknu Landsbankamótinu héldum við okkar árlega Lokahóf. Þar voru gerð upp bæði afrek ársins 2016 sem og sundársins 2016-2017. Við ákváðum að hafa lokahófið með aðeins breyttu sniði í ár. Við miðuðum verðlaunafendingar við það að sem allra flestir fengu viðurkenningu ásamt því að styðjast við reglur ÍSÍ um verðlaunaveitingar í fyrirmyndarfélagi. Lokahófið var einkar vel heppnað og mæting var góð. Boðið var upp á hamburgara og meðlæti frá Skólamat. Við þökkum kærlega öllum þeim foreldrum og aðstandendum sem lögðu fram krafta sína þessa helgi. Án ykkar væri þetta ekki hægt.

Jóhann Björnsson gerði góða hluti á Íslandsmóti Garpa sem haldið var í Ásvallalaug fyrstu helgina í maí. Jóhann sem keppti í flokki 50-54 varð tvöfaldur Íslandsmeistari en hann sigraði bæði í 50m og 100m flugsundi.

Fjórir sundmenn okkar kepptu með landsliðinu á Smáþjóðaleikunum í San Marínó. En það voru þau Íris Ósk Hilmarsdóttir, Þröstur Bjarnason, Kristófer Sigurðsson og Davíð Hildiberg Aðalsteinsson og með þeim í för var Steindór Gunnarsson þjálfari. Komust þeir Davíð Hildiberg Aðalsteinsson og Þröstur Bjarnason á pall í einstaklingsgreinum. Kristófer Sigurðsson, Þröstur Bjarnason og Davíð Hildiberg Aðalsteinsson komust einnig á pall með boðsundssveitum. Davíð synti m.a. í 4 x100m skriðsundi og 4 x100m fjórsundi og settu þessar sveitir landsmet í þessum greinum.

Helgina 23. – 25. júní var AMÍ haldið í Laugardalslaug. Okkar unga og efnilega lið stóð sig með mikilli þrífri og skyldu þau allt eftir í lauginni. Þegar upp var staðið og búið var að fara yfir alla útreikninga þá varð niðurstaðan sú að við lentum í öðru sæti á eftir SH og munaði einungis sex stigum á liðunum. Lokahófið bar þess merki að við höfum verið að gera mjög góða hluti á mótinu. Við áttum þrjá af sex í stigahæstu sundmönnum mótsins. Eva Margrét Falsdóttir varð stigahæst í meyjaflokki ásamt því að vinna Ólafsbikarinn, Aron Fannar Kristínarson varð stigahæstur í drengjaflokki og Eydís Ósk Kolbeinsdóttir var stigahæst í stúlknaflökki. Einnig fékk liðið verðlaun fyrir þrúðmennsku.

Við syntum okkar árlega sjósund á föstudeginum á Ljósanæturhelginni. Við hoppum í sjóinn á móts við grjóttgarðana hjá Víkingaheimum og syndum svo til skiptis í nokkrum hópum að Keflavíkurhöfn. Sjósund sem þetta væri ekki framkvæmanlegt nema fyrir frábæra aðstoð frá Björgunarsveitinni Suðurnes og eiga þeir miklar þakkar skyldar fyrir þeirra framlag. Á bryggjunni í Keflavík beið síðan talsverður hópur foreldra og velunnara til að taka á móti okkur. Hópnum var síðan boðið heitt kakó og kringlur á bryggjunni að loknu sundi. Skemmtilegur viðburður sem er orðinn að skemmtilegri hefð.

Bikarkeppni SSÍ fór fram í Vatnaveröld síðustu helgina í september. Góður árangur náðist í mörgum greinum hjá okkar fólki þrátt fyrir að tímabilið sé nýhafið. Margir bættu tímana sína en alls í 28 sundum komu bestu tímar sem gefur góð fyrirheit um framhaldið. Í 1. deildinni þá endaði kvennaliðið okkar í öðru sæti í eftir hörkukeppni við lið SH og karlaliðið hafnaði í þriðja sæti. Við sendum einnig kvennalið í 2. deildina sem gerði sér lítið fyrir og rúllaði deildinni upp annað árið í röð.

Íslandsmeistaramótið í 25m laug var haldið í Laugardalslaug helgina 17. - 19. nóvember og stóð lið ÍRB sig vel á þessu móti. Alls vann ÍRB til 24 verðlauna, 5 gull, 10 silfur og 9 brons. Mikil kynslóðaskipti eru hjá okkur og var liðið að stórum hluta skipað ungum en mjög efnilegum sundmönnum. Af 22 sundmönnum voru 9 sundmenn 14 ára eða yngri og voru þau flest á sínu fyrsta Íslandsmeistaramóti.

Fyrstu helgina í desember fór fram á Íslandi Norðurlandameistaramót í 25m laug. Við áttum þar tvo fulltrúa þá Davíð Hildiberg Aðalsteinsson og Baldvin Sigmarsson. Davíð Hildiberg gerði sér lítið fyrir og varð Norðurlandameistari í 100m baksundi á sínum besta tíma. Þess má geta að Davíð var eini Norðurlandameistarinn sem Ísland eignaðist á mótinu.

Dagana 2. – 8. desember keppti Már Gunnarsson á HM Mexíkó. Þó að árangurinn hafi ekki verið eins og lagt var upp með þá fer þetta mót klárlega í reynslubankann hjá þessum efnilega sundmanni.

Dagana 19. og 20. desember héldum við Metamót ÍRB í 25m og í 50 m laug. Afar góður árangur náðist á mótunum. Í 25m lauginni féllu alls 14 innanfélagsmet, þar af var eitt af þeim Íslandsmet meylla í 50m bringusundi. Eva Margrét Falsdóttir bætti þar met Erlu Daggar Haraldsdóttur sem hafði staðið frá árinu

2000. Í 50 m lauginni gerði Eva Margrét Falsdóttir sér lítið fyrir og sló einnig Íslandsmet meyjja í 50 m bringusundi.

Í lok árs var Íris Ósk Hilmarsdóttir útnefnd sundkona Keflavíkur 2017 og Davíð Hildiberg Aðalsteinsson sundmaður Keflavíkur 2017 en Davíð var einnig útnefndur, íþróttamaður Keflavíkur, sundmaður Reykjanesbæjar, íþróttamaður Reykjanesbæjar og Sundsambandi Íslands útnefndi hann Sundmann ársins 2017

Í febrúar og nóvember höldum við Speedomótin okkar. Þá koma sundmennt 12 ára og yngri saman einn laugardag og keppa fyrir og eftir hádegi ásamt því sem við bjóðum upp á mat í hádeginu. Mótið er alltaf að stækka og kepptu um 200 krakkar í Vatnaveröldinni núna í nóvember. Öll umgjörð mótsins hefur verið til mikillar fyrirmyndar fyrir félagið, og eiga foreldrar og stjórnarfólk mikið hrós skilið fyrir flott mót og samhent vinnubrögð við undirbúning, mönnun og frágang við mótið.

Við tókum einnig þátt í mörgum öðrum mótum félagsliða þar sem sundmenn okkar komu að venju vel fyrir, stóðu sig vel og voru sjálfum sér og félagi okkar til mikils sóma. Allar upplýsingar um starfsemina er að finna á heimasíðu okkar www.keflavik.is/sund.

Það er mikil vinna við að halda úti þessu öfluga starfi. Bæði hvað varðar rekstur á félaginu, vinnu á sundmótum og aðrar uppkomur sem félagið stendur fyrir. Vert er að þakka því góða fólki sem í mörg ár hefur unnið ötult starf fyrir félagið og stendur sig ávallt með sóma. Það var mér því mikil ánægja að á sundþingi SSÍ í lok mars voru þrír aðilar frá ÍRB heiðraðir fyrir störf sín í þágu sundíþróttarinnar á Íslandi. Steindór Gunnarsson yfirþjálfari ÍRB var sæmdur gullmerki SSÍ. Steindór er fyrrverandi landsliðsþjálfari og var heiðraður fyrir að vera ópreytandi í starfi sínu fyrir sund á Íslandi. Sigurbjörg Róbertsdóttir formaður sundráðs ÍRB var sæmd silfurmerki SSÍ fyrir störf sín í þágu sundíþróttarinnar á Íslandi. Sigurþór Sævarsson var sæmdur silfurmerki SSÍ fyrir störf sín sem alþjóðlegur ræsir. Til hamingu með þennan heiður.

Við erum þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa hjá okkur margreynda og góða sundþjálfara, þrekþjálfara og jógakennara. Við viljum þakka þeim ásamt starfsfólki Vatnaveraldar, okkar helstu styrktaraðilum, Landsbankanum, Reykjanesbæ, Nettó, Speedo, Krónunni og Sigurjóni í Sigurjónsbakarí og öllum öðrum sem lögðu hönd á plóg. Það eru mér foréttindi að fá að taka þátt í þessu starfi og ekki hægt að segja annað en að framtíðin sé björt.

Hilmar Örn Jónasson
Formaður Sunddeildar Keflavíkur